

**Kennari Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir.**

### **HEST1GR05 – Hestamennska bóklegt I – Grunnur í hestamennsku**

**Lýsing:** Meginviðfangsefni áfangans er að kenna undirstöðuatriði í hestamennsku. Helstu ásetur og ábendingar, líkamsbeitingu og taumhald. Grunnþætti í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta. Farið er í reglur varðandi hestahald, öryggisatriði og hvernig á að undirbúa hest fyrir reið og skilja rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum. Þar að auki eru kynnt fyrir nemendum helstu reiðtygi, notkun þeirra og umhirða. Reglur og reiðleiðir á reiðvellingum. Gangtegundir íslenska hestsins, líkama og virkni hans. Grunn vinnubrögð í hringteymingum og að teyma hest við hlið.

**Forkröfur:** Engar

**Þekkingarviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi réttrar líkamsbeitingar.
- nauðsyn þess að knapi sé í góðri þjálfun og andlegu jafnvægi.
- helstu reiðtygjum, notkun þeirra og umhirðu.
- grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta.
- ásetum og ábendingum við stjórn hests.
- réttu taumhaldi.
- gangtegundum íslenska hestsins, grunnþáttum, skilgreiningum, hreyfistigum og aðgreiningu.
- helstu reglum og reiðleiðum á reiðvellingum.
- hvernig skal undirbúa hest rétt fyrir reið.
- hvernig skilja skuli rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum.
- reglum varðandi hestahald.
- helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi og búnaði fyrir hest og knapa.
- líkama hestsins og virkni hans.
- hringteymingum og að teyma hest.

**Leikniviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- tjá sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.

**Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í almennum umræðum um fagið.
  - fylgja leiðbeinandi reglum um öryggismál á vinnustað.
  - vera meðvitaður um eigin stöðu og færni í hestamennsku.
  - hafa skilning á atferli og hegðun hestsins og geta brugðist við á viðeigandi hátt.
  - Geta tjáð sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.
- 

### **Námsmat:**

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ritgerðum og ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati. Áfanginn er metinn í símati í verkefnum og prófum yfir önnina.

### **Námsefni:**

Knapamerki 1 (nýja útgáfan, Gormabók) . Annað kennsluefni frá kennara í formi fyrilestra, ljósrit,glærur, efni af netinu og annað efni frá kennara. ***Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.***

### **Sérreglur áfangans : HEST1GR05**

Öllum verkefnum skal skilað vel frágengnum og á réttum tíma til kennara á tölvutæku formi eða útprenntuðu. Skilaskylda er á verkefnum , því verkefni sem ekki er skilað er gefið 0 fyrir það. Ef nemandi er fjarverandi þegar próf eða verkefni fer fram í tíma skal nemandi leitast sjálfur eftir því við kennara að fá að taka það síðar. Ef nemandi er að nota tölvu eða síma í kennslustund í annað en við kemur náminu er kennara heimilt að gefa F í þeim tíma. Í þessum áfanga gilda mætingarreglur skólans líkt og í aðra bóklega áfanga.

### **Ágúst 2017**

**Vika 33. / 18.ágúst.** Kynning á kennara og nemendum og markmið annarinnar.

**Vika 34 / 21.-27.** Reiðleiðir og reglur á reiðvöllinum.

Lesi og kynna sér efnið í Knapamerkjabók 1. ( kaflar 3,4,5,6 og 7)

### **áugúst-september**

**Vika 35 ( 28 .- 3. )**

Knapamerki, kafli 11. Ásetuæfingar í hringteyningu.

Líkami hestsins ( knapamerki 1 – kafli 2 ) Hvar á hnakkurinn að vera staðsettur?

### **Vika 36. (4 – 10 )**

Reiðtygi – Skoða ýmsan beislabúnað, margar gerðir méla og meta hvað er æskilegt og hvað óæskilegt. (Votmúli)

Reiðleiðir á reiðvelli – Farið yfir helstu reglur, merkingar og öryggisatriði sem við notum á reiðvelli.

Knapamerki 1 ( Kafli.5)

### **Vika 37. (11 – 17 sept )**

Sýnikennsla í Reiðhöll Sleipnis með Robyn Hood, þjálfunaraðferðin Tellington TTouch.

Reiðtygi – Verkefni

Áseta .

### **Vika 38. (18 – 24 sept )**

Áseta

Reiðtygi – Verkefni

Heimsókn til Söðlasmiðs í Baldvin og Þorvald

Nemendur – Verkefnið Reiðtygi

### **Vika 39. (25 – 1.okt )**

Samband manns og hests.

Atferli, eðli og hegðun hestsins (kafli 1 / Knapamerki 1)

Almenn umgengni og virðing við hestinn ( kafli 4 og 6 / Knapamerki 1

### **Október**

### **Vika 40. (2 – 8.okt )**

Atferli, eðli og hegðun hestsins (kafli 1 / Knapamerki 1)

Almenn umgengni og virðing við hestinn ( kafli 4 og 6 / Knapamerki 1

Vetvangsferð – Skoða stóðhross ( Tímasett með 1-2 daga fyrirvara)

Farið yfir ásetur, taumhald og taumsamband (Knapamerki 1 – Kafli 9 og 10)

#### **Vika 41. (9 – 15.okt )**

Reiðleiðir – Ljósritað efni Knapamerki 2

Hvað er að riða hest i jafnvægi? Hvað er half halt ?

Kaflapróf úr Knapamerki 1.

#### **Miðannarmat / Stöðumat 9,10 og 11 okt**

#### **12. – 13. Okt Haustfrí**

#### **Vika 42. (16 – 22.okt )**

Skoða mismunandi hestgerðir og byggingalag, hvað er æskileg reiðhestbygging? (Knapamerki 1 kafli.2)

Örryggisatriði fyrir menn og hesta. Gengið frá hesti og búnaði. (Knapamerki 1 – kafli 12)

#### **Vika 43. (23 – 29.okt )**

Teymingar og vinna í hendi. Að fara á og af baki. Ásetuæfingar í hringtaum.

(Knapamerki 1 – Kaflar 6,7 og 11) ( upprifjun – verkefni)

Farið yfir ásetur, taumhald og taumsamband (Knapamerki 1 – Kafli 9 og 10)

#### **Október-Nóvember**

#### **Vika 44. (30 – 5.nóv )**

Gangtegundir Íslenska hestsins. (Knapamerki 1 / kafli.8)

Verkefna vinna – Hópverkefni

#### **Vika 45. (6 – 12.nóv )**

Gangtegundir - Fet, brokk, stökk.

Verkefni - Nemendur

**Vika 46. (13 – 19.nóv )**

Gangtegundir - Tölt, skeið.

Verkefni - Nemendur

**Vika 47. (20 – 26.nóv )**

Upprifjun

**Vika 48. (27 – 3.des )**

**Upprifjun - Próf**

**Desember**

**Vika 49. (4 – 10 des)**

Síðasti kennsludagur 7.desember. (Bóklegt próf Knapamerki1)

**Vika 50. (11 – 17. Des)**

Prófavika

18.desember Jólafrí hefst.

**Námsmat:**

**Verkefni 30%**

**Skyndipróf 20%**

**Próf 30%**

**Mæting 10%**

**Virgni 10%**

